

og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theodórs B. Línðals, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. júní 1949.

Nr. 27/1949. **Valdstjórnin** (Guttormur Erlendsson)
 gegn
Ólafi Eiríkssyni (Ragnar Ólafsson).

Brot á lögum nr. 70/1947 og rgl. nr. 82/1947.

Dómur Hæstaréttar.

Greiðslu andvirðis umræddra rita í íslenzkum peningum til aðilja þess, sem getur í héraðsdómi, þykir verða jafnað til flutnings íslenzks gjaldeyris úr landi, og varðar hún því við 5. mgr. 13. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 33. gr. sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947. Með þessari breytingu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Ólafur Eiríksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Guttorms Erlendssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. desember 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 28. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6031/1948: Valdstjórnin gegn Ólafi Eiríkssyni, — sem tekið var til dóms hinn 21. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Eiríkssyni verzlunarstjóra, til heimilis í Kaplaskjólí 7, fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Með bréfi, dagsettu 2. f. m., fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið rann-sókn um innflutning bókabúðar Máls og menningar hér í bæ á nokkrum rússneskum tímaritum, sem virtist eftir því, sem fyrir lá, hafa verið með ó-venjulegum hætti. Við rannsókn málsins skýrði kærður, sem veitir verzlun þessari forstöðu, svo frá, að á þessu ári hefði verzlunin haft til sölu fjögur tímarit, sem gefin eru út á enskri tungu í Moskvu. Á undanförunum árum hefði verzlunin haft a. m. k. sum þessara rita til sölu og fékk þau þá á venjulegan hátt frá Englandi, en fyrir árið í ár gerðist hún áskrifandi ritanna, og hafði það, sem komið var af ritunum, þegar rannsókn máls þessa hófst hinn 3. f. m., borizt verzluninni beint frá Moskvu í kross-bandssendingum í bögglaþósti. Við móttöku sendinganna í ár í tollpóststof-unni hér hefur verzlunin framvísað gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir bókum frá Bretlandi og Danmörku, og hafa starfsmenn tollpóststofunnar ritað í innflutningsdálk leyfisins við afhendingu sendinganna og inn-heimt af þeim söluskatt og tollmeðferðargjald. Vera má þó samkvæmt framburði forstöðumanns tollpóststofunnar, að sendingar þessar hafi eigi verið færðar inn á neitt innflutningsleyfi, ef þær hafa verið litil-ræði. Tollpóststofan skiptir sér ekki af greiðslum fyrir böggla og kross-bandssendingar, sem hún afgreiðir, nema sent sé með póströfu, en svo var eigi um rit þessi.

Verzluninni bárust frá seljanda ritanna reikningar yfir áskriftargjald-ið í ár, og hljóðuðu þeir á dollara. Gjald þetta greiddi kærður fyrir verzlun-arinnar hönd verzlunarfulltrúanum í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna hér með ísl. kr. 999.79 og fékk kvittun fyrir, sem fram er lögð í málinu. Var að sögn kærðs svo um talað milli hans og verzlunarfulltrúans, að sá síðar-nefndi héldi fé þessu og kæmi því til útgefanda ritanna, ef eigi yrði síðar ákveðið, að greiðslan til útgefandans færi fram á annan hátt. En síðan kærður innti greiðsluna af hendi, hefur hann ekkert aðhafzt til, að henni yrði hagað á annan hátt, og hefur því við þetta setið.

Þar sem gjaldeyris- og innflutningsleyfi það, sem nefnt hefur verið, náði einungis til vara frá Bretlandi og Danmörku, hefur kærður með nefndum ritainnflutningi gerzt brotlegur við 11. gr., 1. mgr., laga nr. 70/1947 og 21. gr., 1. mgr., reglugerðar nr. 82/1947, en nokkur afsökun þessa brots

hlýtur sú staðreynd að vera, að tollpóststofan virðist athugasemdalaust hafa afhent sendingarnar gegn framvísun leyfisins.

Greiðslu andvirðis ritanna var samkvæmt framansögðu þannig háttað, að raunverulega var um að ræða kaup erlends gjaldeyris af öðrum en heimilt var að lögum að selja hann, og varðar hún því við 13. gr., 1. mgr., laga nr. 70/1947 og 25. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947.

Með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing kærðs fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin samkvæmt 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947 og 39. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Ólafur Eiríksson, greiði 800.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1949.

Nr. 25/1949. **Kristján Kristjánsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál. Hlutfafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. jan. þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða hon-